



A D A L F U N D U R 2022

Aðalfundur Golfklúbbs Ísafjarðar haldinn á sal Vestra við Ásgeirsgötu á Ísafirði fimmtudaginn 17.nóvember 2022 kl 20:00.

Mættir voru 23 félagar.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og stakk uppá Gísla Jóni Hjaltasyni sem fundarstjóra og Kristínu Hálfdánsdóttur sem fundarritara, þau voru samþykkt
Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Formaður las upp skýrslu stjórnar sem var 9 blaðsíður að lengd, fundarmenn tóku þátt og notuðu tækifærið og spurðust fyrir um leið og farið var yfir skýsluna. Tryggi Sigtryggsson ræddi ástand vallarins og nefndi að gott væri að fá tæki leigð að vori til að vinna fyrir sumarið.

2. Ársreikningur liðins árs lagður fram til samþykktar

Gjaldkeri las upp ársreikninginn.

Rekstur klúbbsins gekk ágætlega á síðastliðnu ári og voru tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnsliði kr.3.091.619.- og handbært fé í árslok kr.10.270.909.-

Helsti gjaldaliðurinn var rekstur mannvirkja,véla og tækja kr 9.288.863.- Miklar endurbætur voru gerðar á skálanum,þak og pallur málaður, skipt um glugga og gler og svalahurð keypt. Einnig var keypt talsverð þjónusta af Grastech hf, en Grastech sérhæfir sig í ráðgjöf á golfvöllum. Fjárfest var í nýjum tækjum fyrir tæplega 1 miljón á árinu.

Laun voru 2m hærri en á síðasta ári.

Golfklúbbur Ísafjarðar skuldar engin langtímalán.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Tillaga stjórnar um árgjöld 2023

Tillaga stjórnar er að gjöldin hækki um 10% og að árgjöld verði kr 57.500 og skápaleiga kr 15.400, var hún samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun 2023

Formaður fór yfir áætlunina sem gerir ráð fyrir sjóðstöðu kr. 4.377.835.- 30.september 2023., tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnsliði kr.4.440.390.-

Gert er ráð fyrir 6 milljónum í uppbyggingu golfvallar, 3 m í bílastæði, 1.5 m í endurbætur húsnæðis og 2.5 m í vélar, allt með tilliti til og hliðsjón af nýjum hugmyndum að skipulagi vallar.
Áætlunin var samþykkt.

5. Kosningar stjórnar og skoðunarmanna

Fundarstjóri las upp tillögu uppstillinganefndar að stjórn og varastjórn í Golfklúbbi Ísafjarðar:

Tillaga nefndarinnar er:

Formaður: Gunnar Þórðarson.

Hann var samþykktur

Meðstjórnendur, kosnir til tveggja ára:

Guðni Ólafur Guðnason, Magnea Garðarsdóttir og Neil Shiran Pórisson
Þau eru samþykkt.

Fyrir eru í stjórn, kosnir til tveggja ára á síðasta aðalfundi í fyrra:

Guðjón H Ólafsson, Hrafn Guðlaugsson og Jóhann Birkir Helgason

Í ljósi þess að Hrafn Guðlaugsson sem var kosinn til tveggja ára í fyrra hefur flutt búferlum frá Ísafirði og biðst því undan stjórnarstörfum, þarf að kjósa einn stjórnarmann til eins árs.

Lagt er til að í stað Hrafn verði kosinn í stjórn til eins árs, **Þorvaldur Ragnarsson**
Hann var samþykktur

Fráfarandi stjórnarmönnum þeim **Kristjáni Ásgeirssyni** og **Kristínu Hálfdánsdóttur** eru þökkuð góð störf í þágu klúbbsins.

Varastjórn, kosin til eins árs:

Friðbjörn Gauti Friðriksson, Soffía Þóra Einarsdóttir og Daníel Jakobsson
Þau voru samþykkt.

Skoðunarmenn: **Baldur Geirmundsson og Jens Andrés Guðmundsson**
Þeir voru samþykktir.

Fundarstjóri þakkaði uppstillinganefndinni fyrir vel unnin störf.

6. Önnur mál.

- Kylfingur ársins. Samþykkt er tillaga um að ný stjórn komi sér saman um kylfing ársins áður en send verður inn tilkynning til Ísafjarðarbæjar um íþróttamann ársins.



- b. Formaður mótanefndar Guðni Ó Guðnason kynnti Skálameistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2022.
Skálameistari karla er **Friðbjörn Gauti Friðriksson** og var honum veittur bikar.
Skálameistari kvenna er **Ásdís Pálsdóttir** og var henni veittur bikar.
Háttvísisverðlaun, vísað til stjórnar.
- c. Í tilefni 45 ára afmælisárs Golfklúbbs Ísafjarðar á næsta ári var ákveðið að skipa ferðanefnd sem sæi um og legði fram hugmyndir að golfferð erlendis 2023.
Ákveðið að skipa **Einar Gunnlaugsson** formann nefndarinnar, hann mun kalla til 2 félagsmenn sér til halds og traust. Hann mun tilkynna nýrri stjórn hverjir það koma til með að vera.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 22:03

Kristín Hálfánsdóttir.

Kristín Hálfánsdóttir.
Ritari Golfklúbbs Ísafjarðar.

Gísli Jón Hjaltason

Gísli Jón Hjaltason
Fundarstjóri